



Jafnlaunastefna Landhelgisgæslu Íslands

Jafnlaunastefna Landhelgisgæslu Íslands er einn af hornsteinum launastefnu Landhelgisgæslunnar og órjúfanlegur hluti hennar. Jafnlaunastefna Landhelgisgæslunnar felur í sér að laun séu ákvörðuð með sama hætti fyrir konur og karla og að þau viðmið sem lögð eru til grundvallar feli ekki í sér kynjamismunun. Landhelgisgæslan hefur innleitt verklag og skilgreint viðmið við ákvörðun launa þar sem hver og einn fær greitt fyrir starf sitt út frá verðmæti þess, óháð kyni, kynvitund eða öðrum ómálefnalegum ástæðum. Markmið Landhelgisgæslunnar er að vera vinnustaður þar sem konur og karlar hafi jöfn tækifæri í starfi, starfsemin taki mið af jafnréttisáætlunar stofnunarinnar og enginn kynbundinn launamunur sé til staðar.

Forstjóri ber ábyrgð á að jafnlaunakerfi Landhelgisgæslunnar standist lög um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008. Tilgangur með jafnlaunakerfi Landhelgisgæslunnar er að tryggja að allt starfsfólk njóti sömu kjara fyrir sömu eða jafnverðmæt störf. Mannauðsstjóri er fulltrúi stjórnenda varðandi jafnlaunakerfi og er ábyrgur fyrir innleiðingu og viðhaldi þess í samræmi við staðalinn ÍST 85:2012.

Til að framfylgja markmiðum jafnlaunastefnunnar mun Landhelgisgæslan:

- Innleiða vottað jafnlaunakerfi, skjalfesta og halda því við.
- Fylgja viðeigandi lögum og reglum sem í gildi eru á hverjum tíma.
- Framkvæma árlega launagreiningu þar sem borin eru saman sömu eða jafnverðmæt störf í þeim tilgangi að kanna hvort kynbundinn launamunur sé til staðar.
- Greina niðurstöður með stjórnendum og kynna starfsfólki niðurstöður launagreiningar hvað varðar kynbundinn launamun.
- Gera þeim markmiðum og áætlunum sem fylgja í kjölfar árlegrar launagreiningar skil í jafnréttisáætlun Landhelgisgæslunnar.
- Hafa eftirlit með og bregðast við óútskýrðum launamun með stöðugum umbótum.
- Gera innri úttekt og halda rýni stjórnenda árlega.
- Fylgja lögum, reglum, kjarasamningum og stofnanasamningum hverju sinni.
- Birta stefnuna á innri vef Landhelgisgæslunnar og kynna hana öllu starfsfólki.
- Tryggja að stefnan sé ávallt aðgengileg almenningi á vefsíðu Landhelgisgæslunnar.

Landhelgisgæsla Íslands, október 2019